RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

17. Miðstjórnarfundur RSÍ
haldinn föstudaginn 14. október 2005 kl. 14.30

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun
BÁS. Lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir 2006 og samþykkt var að leggja hana fram á trúnaðarmannaráðstefnunni 17 – 18 nóv.

3.Beiðni um styrk.
Tekin fyrir beiðni Skíðadeildar Tindastóls um styrk til uppbyggingar á skíðasvæðinu.
RSÍ hefur ekki veitt styrki til slíkra mála og telur ekki rétt að breyta um stefnu núna. Beiðni því hafnað.

4. 35 ára afmæli RSÍ.
RSÍ stendur ásamt aðildarfélögum að útgáfu margmiðlunardisks sem er gerður fyrir nemendum í efstu bekkjum grunnskóla og verður afhentur þeim að viðstöddum iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra.

5. ASÍ kynningarátak.
ASÍ hefur farið halloka á undanförnum árum í ímyndarumræðunni sem er í auknum mæli rekin i gegnum fjölmiðla, ef verkalýðshreyfingin ætlar að halda stöðu sinni verður hún að taka þátt í þessum dansi.

6. ASÍ ársfundur.
Tilnefnt í starfsnefndir

15. Önnur mál.
Rætt um netkerfi RSÍ og heimasíður aðildarfélaga.

Rætt um að endurbæta merkingar á Stórhöfðanum.

Rætt um nettengingar miðstjórnarmanna.

Haukur Ágústsson,

Útgefið af Rafiðnaðarsambandi Íslands í nóvember 2005
Ábm. Guðmundur Gunnarsson